

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

17. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 12. september 2007, kl. 16:00.

Mætt: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G. Magnússon og Margrét Ýrri Sigurgeirsdóttir. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, Indriði Indriðason, fjámálastjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna úr sumarfríi hreppsnefndar, setti fund og stjórnáði honum.

Oddviti bar upp nokkrar tillögur um viðbætur á dagskrá sem voru samþykktar samhljóða.

1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

1.1. Hreppsráð 15. fundur, 19. júlí 2007.

Til kynningar.

1.2. Hreppsráð 16. fundur, 16. ágúst 2007.

Til kynningar.

1.3. Hreppsráð 17. fundur, 30. ágúst 2007.

Til kynningar.

1.4. Fræðslunefnd, 10. fundur, 29. ágúst 2007.

Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

1.5. Fræðslunefnd, 11. fundur, 3. september 2007.

Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

Bókun frá B-lista varðandi lið 2. í fundargerðinni:

Fulltrúar B-lista fagna ákvörðun um að opna leikskóladeildina, þar sem B-listinn lagði fram tillögu á fundi hreppsráðs 26. apríl sl. um opnun leikskóladeildar í Þykkvabæ. Visað er í lið 17.1. í fundargerðinni. Fulltrúar B-lista bjóða enn fremur fram krafta sína til að vinna að skipulagi og framtíðaruppbyggingu skólamannvirkja í sveitarfélaginu.

1.6. Byggingarnefnd Rangárþings bs, 3. fundur, 28. júní 2007.

Varðandi lið 058-2007 í fundargerðinni hefur borist ósk frá byggingarfulltrúa um að umrætt stöðuleyfi verði veitt til 1 árs í stað 4 ára til samræmis við byggingarreglugerð.

Fundargerðin er staðfest með framangreindri breytingu. Samþykkt samhljóða.

1.7. Byggingarnefnd Rangárþings bs, 4. fundur, 26. júlí 2007.

Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

1.8. Byggingarnefnd Rangárþings bs, 5. fundur, 4. september 2007.

Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

1.9. Samráðsnefnd um Holtamannafrétt, 19. fundur, 30. ágúst 2007.

Fundargerðin er staðfest eftir nokkrar umræður. Samþykkt samhljóða.

1.10. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og vestur Skaftafellssýslu, 1. fundur, 15. ágúst 2007.

Til kynningar.

1.11. Minnisþing frá svæðisstjórn 4 í Vatnajökulspjöldgarði, 4. september 2007.

Til kynningar.

1.12. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 101. fundur, 2. september 2007.

Til kynningar.

1.13. Samráðsfundur Landsvirkjunar og sveitarstjórna, 21. ágúst 2007.

Til kynningar.

1.14. Samband íslenskra sveitarfélaga, 745 fundur, 30. ágúst 2007.

Til kynningar.

1.15. Stjórnarfundur á Lundi 23. ágúst, 2007.

Til kynningar.

2. Drög að stefnumótun fyrir íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.

Nýráðinn íþrótt- og æskulýðsfulltrúi lagði fram tillögur í drögum um hlutverk sitt og verkefni.

Til kynningar.

3. Landskipti, sala á landi og landskikum, breytingar á landnýtingu og stofnun lögbýla:

3.1. Hellar, landnr. 212971.

Landeigandi óskar umskipta um landskipti úr Hellum, landnr. 164976, í 1 lóð, Hellar lóð 22, 5,8 ha. með landnr. 212971.

Ekki er gerð athugasemd við framangreind landskipti. Samþykkt samhljóða.

- 3.2. Ölversholt, með vísan í 17. fund hreppsráð vegna misræmis í gögnum.
Landeigendur óska umsagnar um landskipti úr Ölversholti, landnr. 165168, í 2 lóðir, Ölversholt lóð 190395, 4,5 ha. og Ölversholt lóð 212551, 0,5 ha.
Ekki er gerð athugasemd við framangreind landskipti. Samþykkt samhljóða.
4. **Beiðni um skólavist.**
- 4.1. Beiðni um námsvist í grunnskólum Reykjavíkur.
Samþykki menntasviðs Reykjavíkur fyrir skólavist í Selásskóla. Til kynningar.
- 4.2. Beiðni um skólavist utan Reykjavíkur.
Menntasvið Reykjavíkur samþykkir viðmiðunargreiðslur vegna barns JGM 180693-2119, með lögheimili þar, sem stundar nám í Laugalandsskóla.
Samþykkt samhljóða með fyrirvara um að Laugalandsskóli geti sinnt umsókninni.
- 4.3. **Tónlistarskóli FÍH**
Umsókn um að Rangárþing ytra greiði kostnað vegna tónlistarnáms JP. 130291-2289 við Tónlistarskóla FÍH.
Lagt er til að orðið verði við beiðninni með fyrirvara um kostnaðarþáttöku ríkisins við tónlistarkennslu framhaldsskólanema. Samþykkt samhljóða.
5. **Breytingar á skipan varamanna í fræðslunefnd.**
Anna Björg Stefánsdóttir er leyst frá störfum sem varamaður í fræðslunefnd Rangárþings ytra sökum vanhæfis vegna starfa sinna við skólamál að beiðni Guðfinnu Þorvaldsdóttur. Þórdís Ingólfsdóttir er skipuð í hennar stað. Samþykkt samhljóða.
6. **Hundahald.**
Umræður og hugmyndir um breytingar á reglum um hundahald. Til kynningar.
7. **Bílastæði við Þrúðvang 31.**
Tekið fyrir erindi sem var beint til félagsmálanefndar varðandi beiðni um breytingar á bílastæði og aðkomu við Þrúðvang 31.
Tillaga frá Guðfinnu um að samþykkja erindið. Tillagan fékk 1 atkvæði (GP), 3 á móti (PTJ, IPG, SP) 3 sátu hjá (HFG, KGM, MÝS) Tillaga frá Þorgils Torfa: "Erindinu er hafnað með vísan í fyrri afgreiðslu en sveitarstjóra falið að leita annarra leiða varðandi búsetumál hreyfihamlaðra". Tillagan er samþykkt með 3 atkvæðum (PTJ, IPG, SP) 4 sátu hjá (HFG, KGM, MÝS, GP).
8. **Erindi frá fjármálastjóra.**
Indriði Indriðason fjármálastjóri sveitarfélagsins óskar eftir heimild til að afskrifa límtrésbita úr bókhaldi sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.
9. **Lóðasala með vísan í 17. fund hreppsráðs.**
Sveitarstjóra er veitt heimild til að selja núverandi leiguhöfum lóðir við Hróarslæk í Gaddstaðalandi austan vegar fyrir kr. 1.100.000.- pr. hektara. Boðið stendur til 20. nóvember 2007. Nýjar lóðir vestan vegar verða seldar skv. framlagðri tillögu sem liggur fyrir. Samþykkt samhljóða.
10. **Erindi frá Íþrótt- og tómstundafulltrúa.**
Íþrótt- og tómstundafulltrúi óskar eftir leyfi til að fara í fræðsluferð til Danmerkur á vegum sveitarfélagsins.
Tillaga um að greiða hlut Rangárþings ytra á móti Ásahreppi. Samþykkt samhljóða.
11. **Reglur um starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu, drög.**
Til kynningar.
12. **Fyrirspurnir frá B-lista.**
Fyrirspurn frá B-lista varðandi þjónustuíbúðir í sveitarfélaginu:
- a). *Hver er staðan varðandi byggingu þjónustuíbúða á Hellu og hvað hefur komið út úr viðræðum við Búmenn um byggingu þeirra?*
Fulltrúar B-lista: Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon.
- b). *Fyrirspurn frá fulltrúum B-lista, vegna ábendingar.*
1. *Samkvæmt fundargerðum, þá hefur íþrótt- og æskulýðsnefnd ekki fundað um umsóknir og ráðningu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, á vegum sveitarfélagsins? Er nefndin ekki faglegur ráðgjafi sveitarstjórnar í svona málum?*
2. *Bókaðir fundir íþrótt- og æskulýðsnefndar á vef sveitarfélagsins er einn á árinu. Er ekki ástæða til að halda fundi oftari, vegna mikilvægis málaflokksins?*
Fulltrúar B-lista Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.
- Vegna fyrirspurnar B-lista varðandi þjónustuíbúðir í sveitarfélaginu.**
Á 6. fundi hreppsnefndar 6. desember 2006, voru teknar til umfjöllunar hugmyndir Búmannanna um byggingarmál aldraðra. Skipuð var 3ja manna nefnd, sem í eiga sæti; Þorgils Torfi Jónsson, Helga Fjóra Guðnadóttir og Kjartan Magnússon, auk þess sem sveitarstjóra var falið að starfa með nefndinni og farið var fram á að Félag eldri borgara skipi mann til starfa með nefndinni.
Fundur var síðan haldinn með Búmönnum 28. febrúar 2007. Búmenn óskuðu eftir frestun frekari fundarhalda. Engir fundir hafa verið haldnir á vegum nefndarinnar síðan þá. Hins vegar hafa nokkrir aðrir aðilar haft samband við

P. J. J.

sveitarstjóra varðandi áhuga á uppbyggingu búsetuúrræða fyrir eldri borgara á Hellu. Þar á meðal nokkrir aðilar innan sveitarfélagsins. Hugmyndir hafa verið reifaðar en engar óskir komið fram um formlega fundi með umræddri nefnd. Sveitarstjóri hefur metið ástæðulaust að nefndin komi saman á meðan ekki berast formleg erindi um áhuga eða áform um uppbyggingu búsetuúrræða aldraðra í sveitarfélaginu. Sveitarstjóri hefur leitast við að upplýsa jafnharðan sveitarstjórn um þær hugmyndir sem fram hafa komið í tengslum við málefnið.

Hella, 12. september 2007. Örn Þórðarson, sveitarstjóri.

Vegna fyrirspurnar B-lista varðandi ráðningu íþróttá- og æskulýðsfulltrúa.

Á 6. fundi hreppsnefndar þann 6. desember 2006, var sveitarstjóra veitt heimild til ráðningar íþróttá- og æskulýðsfulltrúa. Við undirbúning ráðningarinnar var haft samráð við önnur sveitarfélög í sýslunni. Niðurstaðan varð sú að samvinna tókst með Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Í framhaldinu var umrædd staða auglýst laus til umsóknar. Umsóknir voru 10 og fóru sveitarstjóri Rangárþings ytra og oddviti Ásahrepps yfir umsóknirnar, auk þess sem þær voru lagðar fram til kynningar á hreppsráðsfundi og formaður íþróttá- og æskulýðsnefndar fór yfir umsóknirnar. Með vísan í ofangreinda afgreiðslu sveitarstjórnar frá 6. desember 2006, gekk sveitarstjóri ásamt oddvita Ásahrepps frá ráðningu íþróttá- og æskulýðsfulltrúa í ágúst 2007. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi hefur hafið störf. Íþróttá- og æskulýðsnefnd hefur fundað samtals 5 sinnum á kjörtímabilinu.

Hella, 12. september 2007. Örn Þórðarson, sveitarstjóri.

13. Útivist – Dalakofi.

Kynning frá Útivist á fyrirhuguðum breytingum, viðbyggingum og endurbótum á Dalakofanum á Rangárvallafrétti, en Útivist hefur gert samning við eigendur um slíkt og hafið framkvæmdir.

Ljóst er að engin leyfi liggja fyrir um þessar framkvæmdir og skal skipulags- og byggingarfulltrúi stöðva þær tafarlaust. Samþykkt samhljóða.

14. Beiðni um afturköllun á stjórnvaldsákvörðun.

Bréf frá lögmanni eigenda Háfshóls og Hala, þar sem farið er fram á afturköllun á umsögn hreppsráðs frá 23. maí, 2006, varðandi landskipti Háfshjáleigu.

Afgreiðslu er frestað og sveitarstjóra falið að fá lögfræðilegt álit á málinu. Samþykkt samhljóða.

15. Landamerki Köldukinn.

Lögð fram gögn um landskipti í Köldukinn, þar sem kvartað er yfir mistökum sem ætlað er að hafi orðið varðandi hnitsetningu frá árinu 2006. Byggingarfulltrúi er að vinna að skoðun á málinu. Til kynningar.

16. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

16.1. Paradisarmissir, ráðstefna og endurmenntun.

Til kynningar.

16.2. Umhverfisstofnun, skil á skýrslum vegna minka- og refaveiða.

Til kynningar.

16.3. SASS, greiðslur fyrir akstur skólabíla.

Til kynningar.

16.4. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, skipulag og fyrirhuguð bygging kjúklingabús á iðnaðarsvæði við Strönd.

Til kynningar.

17. Annað efni til kynningar:

17.1. Evrópski tungumáladagurinn.

17.2. Veiðifélag cystri Rangár- fjölskyldudagur.

17.3. Samgönguráðuneytið, erindi frá 28. ágúst s.l.

17.4. Fasteignamat Ríkisins, endurmat eigna í Rangárþingi ytra.

17.5. Landgræðsla ríkisins, fjallaferðir á Holtamannafrétt.

17.6. Sorpstöð Suðurlands, Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

17.7. Leikskólinn Laugalandi, ársskýrsla.

17.8. Íslensku byggingarlistaverðlaunin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:15.

Óli Már Aronsson, fundarritari.

Óli Már Aronsson
Þorgil Þorfi Jónsson
Jónbjörgur Þelma
Hilgafríða Þorsteinsdóttir
Guðrún Þ. Magnúsdóttir
Andri Snorri Gylfi

Ólafur Þ. Magnússon
Margrjet Yr. Sigurgersd.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

18. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Helli, miðvikudaginn 10. október 2007, kl. 16:00.

Mættir: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G. Magnússon og Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Indriði Indriðason, fjármálastjóri sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Oddviti bar upp nokkrar tillögur um viðbætur á dagskrá sem voru samþykktar samhljóða.

1. **Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**
 - 1.1. **Hreppsráð, 18. fundur, 27. september 2007.**
Til kynningar.
 - 1.2. **Íþrótt- og æskulýðsnefnd, 6. fundur, 25. september 2007.**
Samþykkt samhljóða.
 - 1.3. **Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 3. fundur, 27. september 2007.**
Til kynningar.
 - 1.4. **Byggingarnefnd Rangárþings bs., 6. fundur, 4. október 2007.**
Samþykkt samhljóða.
 - 1.5. **Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 7. fundur, 3. október 2007.**
Samþykkt samhljóða.
 - 1.6. **Sorpsstöð Suðurlands, 146. fundur, 19. september 2007.**
Til kynningar.
 - 1.7. **Skólaskrifstofa Suðurlands, 97. fundur, 21. september 2007.**
Til kynningar.
 - 1.8. **Skólaskrifstofa Suðurlands, 98. fundur, 1. október 2007.**
Til kynningar.
 - 1.9. **Samband íslenskra sveitarfélaga, 756. fundur, 28. september 2007.**
Til kynningar.
 - 1.10. **Skipulagsnefnd Rangárþings bs. 3. fundur, 10. október 2007.**
Fundargerðin er samþykkt samhljóða, að undanskildum deiliskipulagi gámasvæði á Helli og er afgreiðsla þess vísað til 3. liðar hér að neðan.
2. **Landskipti, sala á landi og landskikun, breytingar á landnýtingu og stofnun lögbýla:**
 - 2.1. **Hábær 1, landskipti.**
Landeigandi óskar umsagnar um landskipti úr landi Hábjær 1, landnr. 165373, í 1 lóð, Hábjær 1 lóð 0,7 ha. með landnr. 165376.
Ekki er gerð athugasemd við framangreind landskipti. Samþykkt samhljóða.
 - 2.2. **Hábær 2, landskipti.**
Landeigandi óskar umsagnar um landskipti úr landi Hábjær 2, landnr. 165380, í 1 lóð, Hábjær 2 lóð 0,1 ha. með landnr. 213556.
Ekki er gerð athugasemd við framangreind landskipti. Samþykkt samhljóða.
 - 2.3. **Múli, landskipti.**
Landeigandi óskar umsagnar um landskipti úr landi Múla 2, landnr. 164996, í 1 lóð, Múli lóð 2,6 ha. með landnr. 213140.
Ekki er gerð athugasemd við framangreind landskipti. Samþykkt samhljóða.
 - 2.4. **Litli Klofa 2, landskipti.**
Landeigandi óskar umsagnar um landskipti úr landi Litla Klofa 2, landnr. 164989, í 2 lóðir, Litla Klofa 2. 2,5 ha. með landnr. 213617 og 18,6 ha með landnr. 206110.
Ekki er gerð athugasemd við framangreind landskipti. Samþykkt samhljóða.
 - 2.5. **Litli Klofa 2, landskipti.**
Landeigandi óskar umsagnar um landskipti úr landi Litla Klofa 2, landnr. 164989, í 2 lóðir, litli Klofa 2, lóð 1,5 ha. með landnr. 206115 og 6,1 ha. með landnr. 206112.
Ekki er gerð athugasemd við framangreind landskipti. Samþykkt samhljóða.
 - 2.6. **Klettsholt, stofnun lögbýlis.**
Landeigandi óskar umsagnar hreppsráðs um stofnun lögbýlis, Klettsholts, landnr. 175179
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis. Samþykkt samhljóða.

2.7. Gunnarsholt, landskipti og sameining.

Landeigandi óskar umsagnar um landskiptiog sameiningu lands úr Gunnarsholt, landnr. 164495, í lóð, 0,9499 ha. með landnr.164495. og landsnr.164495 í 86 ha í landsnr 213298. landsnr 213298 og 164499 í landsnr 213298. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin og sameiningunna. Samþykkt samhljóða.

2.8. Eyrartún 2, samruni spildna.

Landeigandi óskar umsagnar um landskipti úrEyrartúni 2, landnr. 165372, í lóð,1 lóð,11,6 ha. með landnr. 213905. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

3. Skipulagsmál.

3.1. Mótmæli við fyrirhugað gámasvæði á Hellu.

Lögð fram athugasemd frá Haraldi Valsteinssyni, við deiliskipulagsbreytingu vegna gámasvæðis á Hellu. Þar sem eftirfarandi kemur meðal annars fram: „ *Hljóðmengun, illa lyktandi, aukin vinnuvélaumferð, mikill umferðarhraði í og við Sigöldu 2.* ”

Lögð fram tillaga D lista um að fallast ekki á breytingar á deiliskipulagtilögum. Bent er á að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir ekki athugasemd við breytinguna.

Vakin er athygli á því að telji einhver rétti sínum hallað með samþykkt framangreindrar tillögu er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, skv. 8. gr. laga nr. 73/1997, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 621/1997, innan mánaðar frá dagsetningu svarbréfs.

3.2. Athugasemd við fyrirhugað gámasvæði á Hellu.

Lögð fram athugasemd frá Matthíasi H. Guðmundssyni, fyrir hönd Reykjagarðs hf. „*Matthías telur að gámasvæðingunni sem yrði staðsett svo nálægt fyrirtæki sem er í matvælaframleiðslu bjóði hættunni heim, þar sem það auki hættu á meindýrasmiti sem geti verið fylgifyrkur gámasvæðis. Matthías vísar einnig til reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangangs, þar sem segir í gr. 19, að staðsetning gámasvæða skuli „taka mið af því að ekki hljóti óþægindi fyrir íbúa og taka beri tillit til nálægðar við íbúðarhús, skóla, matvælaframleiðslu. Einnig gerir hann athugasemd við að ekki skuli vera gerð fofgirding umhverfis gámasvæðingunni, auk þess sem að umferð muni aukast mikið.*”

Lögð fram tillaga D lista um að fallast ekki á breytingar á deiliskipulagtilögum. Bent er á að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir ekki athugasemd við breytinguna.

Vakin er athygli á því að telji einhver rétti sínum hallað með samþykkt framangreindrar tillögu er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, skv. 8. gr. laga nr. 73/1997, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 621/1997, innan mánaðar frá dagsetningu svarbréfs.

Tillaga og bókun B-lista

„*Fulltrúar B-lista mótmæla harðlega fyrirhugaðri staðsetningu á gámasvæði við Dynskála á Hellu. Við teljum að staðsetningin muni hafa slæm áhrif á imynd þorpsins og valdi íbúum þess ónæði. Við tökum því undir mótmæli frá íbúum og Reykjagarði, sem er eitt af öflugustu fyrirtækjum sveitarfélagsins, og teljum að matvælafyrirtæki og gámasvæði eigi ekki samleið.*”

„*Því leggjum við fram þá tillögu að fundin verði ný staðsetning fyrir gámasvæðið sem veldur ekki óþægindum fyrir íbúa og fyrirtæki sveitarfélagsins.*”

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir.

Tillögur D lista um afgreiðslu athugasemda og að staðfesta deiliskipulagið bornar upp og samþykktar með fjórum atkvæðum D lista, gegn þremur atkvæðum B lista (GP) (KM) og (MÝS).

3.3. Strönd, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjóri óskar eftir heimild til undirbúnings gerðar nýs deiliskipulags fyrir Strönd. Samþykkt samhljóða.

3.4. Lyngás, afturköllun lóðaúthlutunar.

Sveitarstjóra falið að afturkalla iðnaðarlóð við Lyngás norðan Suðurlandsvegar, sem úthlutað var Bergi Sveinbjörnssyni, vegna vanefnda á skilmálum varðandi úthlutun.

Samþykkt með fimm atkvæðum, tveir sitja hjá, (KM) (GP).

4. Ársþing SASS 2007, kjörbréf.

Tillögur um eftirtalda fulltrúarársþing SASS 1. og 2. nóvember 2007, að Kirkjubæjarklaustri:

Aðalfundur SASS.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson Ólafur E. Júlíusson og Sigfús Davíðsson.

Til vara Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Kjartan Magnússon og Þorbergur Albertsson.

Samþykkt samhljóða.

P. E. J.
GP 57

Aðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson Ólafur E. Júlíusson og Sigfús Davíðsson.
Til vara Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Kjartan Magnússon og Þorbergur Albertsson.
Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson Ólafur E. Júlíusson og Sigfús Davíðsson.
Til vara Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Kjartan Magnússon og Þorbergur Albertsson.
Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson Ólafur E. Júlíusson og Sigfús Davíðsson.
Til vara Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjöla Guðnadóttir, Kjartan Magnússon og Þorbergur Albertsson.
Samþykkt samhljóða.

5. Tilboð vegna raforkusölu, með vísan í 13. lið 15. fundar hreppsnefndar.

Lögð fram tilboð vegna raforkusölu frá Orkusöluinni, Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuorku.
Afgreiðslu frestað Samþykkt samhljóða.

6. Vatnsverndarmál.

Landeigendur á Galtalæk 2 óska eftir breytingu á aðalskipulagi vegna frístundabyggðar í landi Galtalækjar 2.
Ekki er fallist á breytinguna vegna skerðingar á skilgreindu vatnsverndarsvæði skv. gildandi aðalskipulagi.
Tillaga
Sveitarstjóra verði falið að leita leiða til að skoða vatnsverndarmál sveitarfélaginu.
Samþykkt með sex atkvæðum, einn sat hjá (GÞ)

7. Lóðamál í Gaddstaðalandi.

Sveitarstjóra er falið að bjóða lóðaleigjendum í Gaddstaðalandi leigulóðir til sölu, í samræmi við 9. lið 17. fundar hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.

8. Ógilding stjórnvaldsákvörðunar, með vísan í 14. lið 17. fundar hreppsnefndar og 11. lið 18. fundar hreppsráðs.

Hreppsnefnd áréttar skoðun sína um að hlutverk sveitarstjórna vegna landskipta takmarkist við umsögn um landnot. Samþykkt samhljóða.

9. Heklubraut, tilboð í lagfæringar.

Kynt þau tvö tilboð sem bárust í lagfæringar á Heklubraut, frá Þóroddi Skúlasyni og Guðmundi Skúlasyni.
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að taka tilboði Guðmundar Skúlasonar.

10. Vegna framleigu á verslunarhúsnæði að Suðurlandsvegi 1, Hellu, með vísan í 8. lið 15. fundar hreppsnefndar.

Sveitarstjóra falið að undirrita yfirlýsingu um framleigu á umræddu leiguhúsnæði. Hreppsnefnd áréttar að í gildi er húsaleigusamningur sem m.a. heimili framleigu á húsnæði, innifelur skilmála varðandi upphæð leigu og atriði er varða verslunarrekstur í húsnæðinu. Samþykkt samhljóða.

11. Samningur um tæknivinnu vegna verkefnisins Öldur III, hönnun gatna og lagna við verkfræðistofuna Hnit hf.

Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.
Samþykkt með fjórum atkvæðum þrjú sitja hjá (KM) (GÞ) (MÝS).

Eftirfarandi bókun er frá B lista: „Við undirrituð teljum nauðsynlegt að ná fram sem hagkvæmstu samningum hverju sinni fyrir sveitarfélagið og í ljósi þessa hefði verið réttast að auglýsa eftir útboði í slíkt verk.“

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon og Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir.

12. Beiðni um kaup á landareigninni Ráðagerði –Safamýri, Ásahreppi.

Afgreiðslu frestað. Sveitarstjóra falið að kanna eignarhald á ofangreindri eign. Samþykkt samhljóða.

13. Vegtenging milli Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, erindi til Vegamálastjóra.

Til kynningar.

Eftirfarandi bókun er frá B lista : „Fyrirhuguð er vegalagning frá Brúarlundi að Þjórsá, samkvæmt aðalskipulagi og staðfestist með beiðni frá sveitarstjóra RY, í bréfi til Vegargerðarinnar 26.9. sl. Samkvæmt skipulaginu þá fer vegurinn yfir land hjá 5 landeigendum. Við undirrituð teljum því eðlilegast að landeigendur og íbúar sveitarfélagsins séu hafðir með í ráðum og að hugað verði að því hvar sé eðlilegast að landeigendur og íbúar sveitarfélagsins séu hafðar með í ráðum og að hugað verði að því hvar heppilegast að hafa vegleguna, frá sjónarhóli og með hagsmuni íbúa Rangárþings ytra í huga. Lagt er til að fyrirhugugaðar framkvæmdir verði unnar í samráði við landeigendur og íbúar séu upplýstir um framkvæmdina og þá kosti sem eru í boði varðandi staðsetningu á vegatengingu við Arnessýslu.“

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir.


58

Bókun, lögð fram á við 13. lið á dagskrá 18. fundar hreppsnefndar Rangárþings ytra, miðvikudaginn 10. október 2007:

„Það er skoðun undirritaðra að ný brú yfir Þjórsá á umræddu svæði sé griðarlegt hagsmunamál fyrir íbúa Rangárþings ytra m.t.t. hagsmuna ferðaþjónustunnar, öryggissjónarmiða og aukinna möguleika íbúa á atvinnuþátttöku o.fl. beggja vegna Þjórsár.

Við gerð gildandi aðalskipulags, þar sem umræddur vegur er inni, var farið að öllu með lögformlegum hætti að kynningu á fyrirhuguðum vegi. Landeigendum á ekki að koma á óvart fyrirhuguð lega vegarins, né heldur þau áform að leggja hann. Sveitarstjórn fyrrum Holta- og Landsveitar stóð fyrir kynningu á drögum að aðalskipulagi á Laugalandi árið 2002 og var hún vel sótt af íbúum svæðisins. Talsverð umræða var í samfélaginu um málið á sama tíma. Undirritaðir fagna því áformum að fara skuli á næstu misserum í umrædda veltengingu.”

Þorgils Torfi Jónsson
Ingvar P. Guðbjörnsson
Sigurbjartur Pálsson

14. Umsókn um lækkun á húsaleigu vegna sumarhúða.

Lagt fram erindi frá sumarhúðum Ævintýralands. Ekki er fallist á erindið. Samþykkt samhljóða.

15. Félagsmálaráðuneytið, jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla 2008.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við skólastjóra. Samþykkt samhljóða.

16. Dómsmálaráðuneytið, reglugerð um lögreglusamþykkt, ósk um umsögn.

Til kynningar.

17. Beiðni um ljósastaura við Þykkvabæjarveg.

Erindinu er hafnað. Samþykkt samhljóða.

18. Aukaskólabílaakstur vegna samfellu í íþrótt- og tómstundastarfi.

Fallist er á erindið. Samþykkt samhljóða.

19. Sveitarsjóður, 6. mánaðauppgjör.

Lagt fram til kynningar 6 mánaða uppgjör sveitarsjóðs.

20. Lántaka.

Sveitarstjóri óskar eftir heimild til lántöku í samræmi við fjárhagsáætlun 2007. Samþykkt samhljóða.

21. Gjaldskrá byggingarleyfisgjalda og tengdra þjónustugjalda fyrir byggingar- og skipulagsfulltrúa Rangárþings bs.

Hreppsnefnd staðfestir framlagða gjaldskrá sem tekur gildi 15. október n.k.. Samþykkt samhljóða.

22. Fyrirspurn frá B. lista.

Fyrirspurn frá B lista vegna vatnsveitumála:

„Hvernig er staðan varðandi nýlagnir og tengingar lögþýla við veituna í sveitarfélaginu?“
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir.

Sveitarstjóri kynnti stöðu mála hjá vatnsveitunni.

23. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

23.1. Áhættuskoðun í umdæmi lögreglunnar á Hvolsvelli.

Til kynningar.

23.2. Foreldrasamtök Suðurlands; ósk um endurgjaldslaus afnot af matsal á Laugalandi.

Samþykkt samhljóða.

23.3. Æskulýðsnefnd Rangárvallaprófastsdæmis; beiðni um fjárstyrk.

Æskulýðsnefndin óskar eftir styrk að upphæð 145.000 kr. Samþykkt samhljóða að verða við erindinu.

23.4. Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði Háskóla Íslands; beiðni um bókarkaup.

Boðnar eru til sölu 10 bækur um Suðurlandsskjálftann 2000 og áhrif hans, að upphæð 50.000 kr. Samþykkt samhljóða að verða við erindinu.

23.5. Bókaútgáfan Hólar; beiðni um stuðning vegna bókaútgáfu.

Erindinu hafnað.

23.6. Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi; ráðgjöf vegna Staðardagskrár 21, 2007-2009.

Til kynningar.

23.7. H.E.W. A/S; vörukynning.

Til kynningar.

24. Annað efni til kynningar:

- 24.1. Ásahreppur; vegna ráðningar á leikskólann Laugalandi.
- 24.2. Umferðastofa ofl.; vegna könnunar á öryggi barna í bílum.
- 24.3. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum; um ávinning af aðgerðum við lækkun kostnaðar við hitun.
- 24.4. Fasteignamat ríkisins; ábending um þinglýsingu stofnskjals.
- 24.5. Menntamálaráðuneytið; orðsending vegna gjaldtöku af nemendum vegna ferðalaga.
- 24.6. FOSS; skipan trúnaðarmanna.
- 24.7. Kaupsamningar og afsöl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30

Indriði Indriðason, fundarritari.

Þorgerður Þorgerðsdóttir
Sigrún E. Ólafsdóttir
Sigrúnjóna Pálma
Sigrúnjóna Pálma
Kjartan E. Magnússon
Margrét Jón Sigrúnsdóttir
Sigrúnjóna Pálma
D. J. R.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

19. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 14. nóvember 2007, kl. 16:00.

Mættir: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G. Magnússon og Ólafur E. Júlíusson. Ingvar P. Guðbjörnsson yfirgaf fundinn kl. 17:35 og Gísli Stefánsson tók sæti hans. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Óli Már Aronsson sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnáði honum.

Oddviti bar upp 2 tillögur um viðbætur á dagskrá sem voru samþykktar samhljóða.

1. Fundargerðir til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 19. fundur, 25. október 2007.

Samþykkt samhljóða.

- 1.2. Fræðslunefnd, 12. fundur, 12. nóvember 2007.

Vegna liðar 1.d. í fundargerðinni, leggur D-listinn fram eftirfarandi bókun:

Vegna þeirrar stöðu sem upp er komin varðandi húsnæðisvanda Grunnskólans á Hellu leggur D-listinn áherslu á að fundin verði hagkvæm og skjótvirk lausn – og sú hentugasta í ljósi alvarleika málsins.

Þrjár leiðir verða hér nefndar:

1. Að endurskipuleggja nýtingu þess húsnæðis sem er til staðar í Grunnskólanum á Hellu. Í því sambandi má benda á hlíðrun á almenningsbókasafninu eða flutning, og nýta það rými til kennslu eða annarrar skólastarfssemi. Einnig má endurskoða nýtingu á vinnuádstöðu húsvardar og hugsanlegan flutning í áhaldahús. Ennfremur er bent á flutning fyrsta bekkis í húsnæði skólans.

2. Einnig væri hægt að skoða þann möguleika að færa fyrsta og annan bekk grunnskólans í skólahúsnæðið í Þykkvabæ.

3. Enn einn möguleikinn er að koma fyrir færanlegum bráðabirgðakennslustofum á skólalóðinni.

Fyrsti kosturinn virðist hentugastur í ljósi þess hversu fljótt er hægt að ráðast í framkvæmdir. Einnig má búast við að kostnaður verði minnstur og rask á skólastarfi í lágmarki.

Öðrum kosti fylgir umtalsverður skólaakstur, sem og akstur fyrir kennara og annað starfslið skólans.

Þriðji kosturinn er talin seinfær og dýr. Talið er að fjármunum sem við þessa framkvæmd tapast sé betur varið til framtíðaruppbyggingar skólahúsnæðis á Hellu. D-listinn bendir á að fyrirhuguð er smíði viðbyggingar til að leysa húsnæðisvanda skólans með myndarlegum hætti á næstu tveimur til þremur árum. Til þess verkefnis hefur verið gert ráð fyrir allt að 300 milljónum króna skv. fyrirbyggjandi 3ja ára fjárhagsáætlun.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir.

B-listinn leggur fram eftirfarandi bókun varðandi lausn á húsnæðisvanda Grunnskólans á Hellu:

Í fyrsta lagi verði kannað til hlitar með að fá 2 færanlegar kennslustofur við Grunnskólann á Hellu. Í öðru lagi verði farið yfir í fullu samráði með skólastjórnendum möguleika á betri nýtingu á núverandi húsnæði skólans meðan frekari uppbygging mannvirkja stendur yfir. B-listinn er tilbúinn til að skoða frekari nýtingu á húsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Ólafur E. Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G. Magnússon.

Fundargerðin er samþykkt samhljóða.

Ingvar P. Guðbjörnsson yfirgaf fundinn kl. 17:35 og Gísli Stefánsson tók sæti hans.

- 1.3. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. 12. fundur, 31. október 2007.

Tillaga um að Örn Þórðarson verði fulltrúi Rangárþings ytra á aðalfundi samlagsins og leggi til að hann verði í stjórn og Þorgils Torfi Jónsson til vara.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 2 sitja hjá. (GÞ. KGM.)

Til kynningar.

- 1.4. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. 103. fundur, 31. október 2007.

Tillaga um að Þorgils Torfi Jónsson verði fulltrúi Rangárþings ytra á aðalfundi samlagsins og leggi til að hann verði í stjórn og Ingvar P. Guðbjörnsson til vara.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 1 situr hjá. (ÓEJ.)

Til kynningar.

- 1.5. Skólaskrifstofa Suðurlands, 99. fundur, 29. október 2007.

Til kynningar.

- 1.6. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 270. fundur, 12. október 2007.

Til kynningar.

- 1.7. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 103. fundur, 1. nóvember 2007.

Til kynningar.

Handwritten signatures: A.G.M. and P.J.F.

- 1.8. Samband íslenskra sveitarfélaga, 747. fundur, 19. október 2007.
Til kynningar.
- 1.9. Vinnuhópur um gerð skólastefnu, 4. fundur, 8. nóvember 2007.
Til kynningar.
- 1.10. Byggingarnefnd, 7. fundur, 8. nóvember 2007.
Varðandi lið nr. 136, er sveitarstjóra falið að vinna að málinu.
Fundargerðin er samþykkt samhljóða.
- 2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:**
 - 2.1. Eyrartún 2 og Borg, landskipti og samruni spildna.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr Eyrartúni 2, landnr. 165372, í 11,6 ha.spildu; Eyrartún 2, lóð nr. 213905.
Einnig er óskað umsagnar á samruna þessarar spildu við Borg.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.
 - 2.2. Búð 1, landskipti.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr Búð 1, landnr. 165368, á 480 fm. lóð nr. 214032 umhverfis garðávaxtageymslu. Lögbýlisréttur fylgir áfram Búð 1. landnr. 165368.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.
 - 2.3. Stóru Velli 1, landskipti.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr Stóru Völlum landnr. 165011. Um er að ræða Stóru Velli lóð 1, 5,9 ha., landnr. 214207, Stóru Velli lóð 2, 10 ha., landnr. 214208, Stóru Velli lóð 3, 3 ha., landnr. 214209.
Lögbýlisréttur fylgir áfram landnr. 165011.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.
 - 2.4. Lóð HS 2, Svínhaga, landskipti.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr lóðinni HS 2 í landi Svínhaga, landnr. 196032, í lóð HS 2B, 13.8 ha., með landnr. 214072.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.
 - 2.5. Uxahryggur 1, landskipti.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr Uxahrygg 1, landnr. 164561 í Uxahrygg 1, spilda, 2,2 ha., landnr. 213941.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.
- 3. Raforkukaup, með vísan í 5. lið 18. fundar hreppsnefndar.**
Tilboð sem borist hafa eru afar áþekkt hvað varðar þjónustu, gæði og verð. Sveitarstjóri leggur til að tilboði Orkusölnunar ehf. verði tekið með hliðsjón af atvinnustyrkjandi áhrifum í héraði.
Samþykkt samhljóða.
- 4. Sala lóða í landi Merkihvols.**
Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að selja núverandi leigjendum og núverandi eigendum lóða í landi Merkihvols leigulóðir sínar eða stækkaðar og breyttar lóðir skv. nýjum drögum að deiliskípulagi sem unnin hafa verið. Söluverð verði kr. 1.500.000.- pr. hektara.
Samþykkt með 6 atkvæðum, 1 situr hjá. (GP.)
- 5. Skattstjóri Suðurlandsumdæmis, álagningarskrá lögaðila 2007.**
Til kynningar.
- 6. Fjárhagsáætlun 2008 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007.**
Kynnt er vinna fyrir fjárhagsáætlun 2008 og lögð fram drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 til kynningar. Umræðum frestað.
- 7. Jafnréttisnefnd; tillaga um breytta skipan nefndarinnar.**
Jafnréttisnefnd Rangárbings ytra leggur til við sveitarstjórn að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir sameiginlegri jafnréttisnefnd í Rangárvallasýslu og jafnvel V-Skaftafellssýslu sbr. barnaverndarnefnd og félagsmálanefnd. Ennfremur leggur nefndin til að málefni nýbúa falli undir nefndina.
Sveitarstjóra er falið að skoða málið nánar. Samþykkt samhljóða.
- 8. Markaðsstofa Suðurlands; afnot af léninu www.southiceland.com.**
MS óskar eftir að fá afnot af léninu.
Tillaga um að leggja það til við meðeigendur að léninu að það verði auglýst og selt. Samþykkt samhljóða.
- 9. Umsagnir vegna leyfisveitinga sýslumanns á Hvolsvelli:**
 - 9.1. Rjúpnaveilir, gististaður.
Ekki er gerð athugasemd vegna leyfisveitingar. Samþykkt samhljóða.
 - 9.2. Kanslarinn, veitingastaður.
Ekki er gerð athugasemd vegna leyfisveitingar. Samþykkt samhljóða.

AGM
P.O.F.

9.3. Sæluþráin Ármótum, veitinga- og gististaður.
Ekki er gerð athugasemd vegna leyfisveitingar. Samþykkt samhljóða.

10. Lausaganga hunda í Þykkvabæ, lögregluskýrsla.

Lögregla sendir kvörtunarskýrslu vegna lausagöngu hunda í Þykkvabæ til Rangárbings ytra til afgreiðslu, þar sem væntanlega sé um brot gegn samþykkt um hundahald að ræða.
Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

11. Vinnueftirlitið, tilnefning öryggisvarða og kosning öryggistrúnaðarmanna.

Til kynningar.

12. Fasteignagjöld örorku- og ellilífeyrisþega.

Fyrir liggur að setja þarf reglur um afsláttarkjör. Ákvörðun frestað.

13. Samningur um byggingu reiðhúss á félagssvæði Hestamannafélagsins Geysis.

Til kynningar.

14. Ráðstöfun fjár í verkefnasjóði Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

Stjórn APS leggur til að allt fé sem er í verkefnasjóði félagsins í lok árs 2007, verði lagt inn í væntanlegt Háskólafélag Suðurlands ehf. sem hlutafé og aðildarsveitarfélög verði skráð fyrir því í samræmi við eignarhlut í APS.
Samþykkt með fyrirvara um þátttöku annarra sveitarfélaga sem aðild eiga að málinu og að verkefnið verði í samræmi við þær hugmyndir sem lagðar hafa verið fram. Samþykkt samhljóða.

15. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

15.1. Fræðslunet Suðurlands, kennsluástaða "Íslenska fyrir útlendinga".

FnS óskar eftir styrk í formi húsnæðis í Grunnskólanum á Hellu, fyrir íslenskukennslu fyrir útlendinga á haustönn 2007.

Samþykkt samhljóða.

15.2. Sveigjanleg starfslok, fundur verkefnisstjórnar 50+.

Boðað er til fundar um ávinning fyrirtækja af atvinnuþátttöku eldra fólks.

Til kynningar.

15.3. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum, 10. ársfundur.

Til kynningar.

15.4. Kvenfélagið Eining Holtum, aðventuhátíð á Laugalandi 2. des nk.

Eining sækir um styrk vegna hluta Rangárbings ytra í húsaleigu og útlagðs kostnaðar, en um sjálfboðavinnu er að ræða og afrakstri varið til góðgerðamála í sveitarfélaginu.

Samþykkt með 6 atkvæðum að verða við erindinu, styrkur vegna útlagðs kostnaðar verði kr. 30.000.-, 1 sat hjá vegna vanhæfis. (GP.)

16. Annað efni til kynningar:

16.1. Landgræðsla ríkisins; svör við spurningum um greiðslur vegna vinnuframlags skóla við gerð fræðsluefnis.

16.2. Samkeppniseftirlitið; vegna bókaútgáfu.

16.3. Vegagerðin; vegna vegtengingar um brú á Þjórsá.

16.4. Samband íslenskra sveitarfélaga; verkfallslistar 1. febrúar 2008.

16.5. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga; umsókn um framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.

16.6. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands; úttekt á útileiksvæði og reglubundið eftirlit 2007.

16.7. Fornleifavernd ríkisins; vegna deiliskipulaga, Gaddstaðir, Haukadalur.

16.8. Frá sýslumanni, þinglýst skjöl.

17. Áskorun frá Litla Hrauni:

Starfsmenn á Litla Hrauni hafa sent frá sér áskorun um að uppbygging í fangelsismálum verði enn meiri á Litla Hrauni og benda á mörg rök því til stuðnings.

Tekið er undir áskorun starfsmannanna á Litla Hrauni og sveitarstjóra falið að koma því á framfæri.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:45.

Óli Már Aronsson, fundarritari.



Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

20. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2006 - 2010, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, miðvikudaginn 5. desember 2007, kl. 16:00.

Mættir: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Gísli Stefánsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G. Magnússon og Ólafur E. Júlíusson. Að auki sitja fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Indriði Indriðason fjármálastjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Oddviti bar upp tillögu um viðbætur á dagskrá, inn kemur nýr liður númer 9, útboð á tryggingum sveitarfélagsins og færst aðrir liðir aftar sem því nemur einnig bætist við liður, Skipting á kostnaði við Skipulags- og byggingarfulltrúaembættið og verður hann númer 24.10. Einnig bætist við nýr liður númer 22; Fyrirspurn frá B- lista varðandi Atvinnuefingarsjóð Rangárþings ytra. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 20. fundur, 22. nóvember 2007.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Fræðslunefnd, 14. fundur, 28. nóvember 2007.
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Vinnuhópur um gerð skólastefnu; 2. fundur, 4. október 2007.
Til kynningar.
- 1.4. Vinnuhópur um gerð skólastefnu; 5 fundur, 29. nóvember 2007.
Til kynningar.
- 1.5. Íþrótt- og æskulýðsnefnd; 8 fundur, 21. nóvember 2007.
Samþykkt samhljóða.
- 1.6. Jafnréttisnefnd; 1. fundur, 19. október 2006; 2. fundur, 25. júní 2007; 3. fundur, 29. október 2007;
4. fundur, 12. nóvember 2007.
Samþykkt samhljóða.
- 1.7. Félagshjónusta- Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 21. fundur, 20. nóvember 2007.
Samþykkt samhljóða.
- 1.8. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. , aðalfundur, 26. nóvember 2007.
Til kynningar.
- 1.9. Sorpstöð Suðurlands,; 148. fundur, 17. október 2007.
Til kynningar.
- 1.10. Skólaskrifstofa Suðurlands; 100. fundur, 21. nóvember 2007.
Til kynningar.
- 1.11. SASS; 408. fundur, 21. október 2007.
Til kynningar.
- 1.12. Inntökuráð Gaulverjabæjarskóla; 7. fundur, 1. október 2007.
Til kynningar.
- 1.13. Samband íslenskra sveitarfélaga; 748. fundur, 16. nóvember 2007.
Til kynningar.
- 1.14. Vinnumarkaðsráð Suðurlands; 2. fundur, 11. nóvember 2007.
Til kynningar.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd efni;

- 2.1. Engin erindi hafa borist.

3. Orkusalan, raforkusölusamningur.

Til kynningar.

4. Fossalda 1, sala til Húsakynna bs.

Tillaga að fela sveitarstjóra að bjóða Húsakynnum bs. húsið til kaups.
Samþykkt samhljóða.

5. Gámavöllur við Meiri- Tungu, bókun hreppsnefndar Ásahrepps.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra tekur undir afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps og sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

Samþykkt samhljóða.

6. Rauðalækur, umferð gangandi og ríðandi vegfaranda

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og samgöngunefnd að skoða umferð á þjóðvegi 1. í gegnum sveitarfélagið í samstarfi við vegagerðina.
Samþykkt samhljóða.

7. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2007.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2007.
Heildartekjur A og B hluta eru áætlaðar 876.304 þús. og skiptast með eftirfarandi hætti:

Rekstrartekjur	Þús.kr.	Hlutfall tekna
Útsvar.....	355.000	40,51%
Fasteignaskattur.....	107.000	12,21%
Jöfnunarsjóður.....	227.000	25,90%
Lóðarleiga.....	5.000	0,57%
Aðrar tekjur.....	182.304	20,80%

Rekstrargjöld	Þús.kr.	Hlutfall af heildartekjum
Laun og launatengd gjöld.....	306.372	34,96%
Annar rekstrarkostnaður.....	402.825	45,95%

Niðurstaða án fjármagnsliða er áætluð... 128.293 þús. kr.
Rekstrarniðurstaða..... 85.085 þús. kr.

Breytingar á heildarfjárfestingu eru 38.725 þús.kr., eða úr 219.400 þús. kr. í 180.675 þús. kr.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Þrír sátu hjá.

8. Fjárhagsáætlun 2008, fyrri umræða.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2008.
Heildartekjur A og B hluta eru áætlaðar 902.387 þús. og skiptast með eftirfarandi hætti:

Rekstrartekjur	Þús.kr.	Hlutfall tekna
Útsvar.....	390.000	43,21%
Fasteignaskattur.....	113.000	12,52%
Jöfnunarsjóður.....	240.000	26,59%
Lóðarleiga.....	5.300	0,58%
Aðrar tekjur.....	154.087	17,07%

Rekstrargjöld	Þús.kr.	Hlutfall af heildartekjum
Laun og launatengd gjöld.....	319.378	34,96%
Annar rekstrarkostnaður.....	427.159	45,95%

Niðurstaða án fjármagnsliða er áætluð.. 111.046 þús. kr.
Rekstrarniðurstaða..... 75.679 þús. kr.

Fjárhagsáætlun 2008 er vísað til scinni umræðu þann 19 desember. Samþykkt samhljóða.

D- listinn leggur til að A- og C liðir fasteignagjalda verði óbreyttir, og að útsvar verði hækkað úr 12,99% í 13,03%. Samþykkt með fjórum atkvæðum D- lista, gegn þremur atkvæðum B- lista
Bókun B-lista vegna hækkunar á útsvarsprósentu úr 12,99% í 13,03% hjá D-listanum.

B-listinn telur sig ekki hafa nægilega haldgóðar upplýsingar til að standa að tillögu D-listans varðandi hækkun á útsvarsprósentu úr 12,99% í 13,03%. Ekkert haldbært liggur fyrir varðandi auknar tekjur úr jöfnunarsjóði sem styður þessa hækkun.

B-listinn hafnar því tillögu um hækkun útsvarsprósentu.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G Magnússon, Ólafur E Júlíusson.

Bókun D- lista vegna bókonar B- lista um hækkun á útsvarsprósentu úr 12,99% í 13,03%, lögð fram á fundi hreppsnefndar, miðvikudaginn 5. desember 2007:

Skv. bestu upplýsingum frá sveitarstjóra og KPMG, endurskoðenda sveitarfélagsins, getur sveitarfélagið orðið af verulegum tekjum úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna núgildandi útsvarsprósenttu, það er því með það í huga og hagsmuni sveitafélagsins sem undirritaðir leggja umrædda hækkun til

Undirritaðir undrast afstöðu og ábyrgðarleysi fulltrúa B- listans varðandi mögulega tekjuöflun sveitarfélagsins.

Þorgils Torfí Jónsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Gísli Stefánsson

9. Útboð á tryggingum sveitarfélagsins.

Fjármálastjóri skýrði frá útboði sem var á tryggingum sveitarfélagsins og kynnti þau þrjú tilboð sem bárust. Sveitarstjóri óskaði eftir heimild til að ganga til viðræðna við VÍS á grundvelli fyrirbyggjandi tilboði um tryggingar fyrir sveitarfélagið og fyrir sameiginlegt húsnæði, og rekstur, að Laugalandi í Holtum. Samþykkt samhljóða.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson bar við vanhæfi og vék af fundi við afgreiðslu málsins.

10. Aðalskipulagsbreyting vegna jarðstreings milli Hellu og Hvolsvallar.

Til kynningar.

11. Aðal- og deiliskipulagsbreyting á Stóru- Vallaheiði.

Til kynningar.

12. Gámasvæði – Öldur II mótmæli, með vísan í 20. fund hreppsráðs.

Bókun B-listans varðandi fyrirhugaða staðsetningu gámasvæðis við Dynskála.

B-listinn mótmælir enn og aftur staðsetningu gámasvæðis við Dynskála gengt Reykjagarði.

Á hreppsnefndarfundum þann 10. október 2007 var deiliskipulagstillaga sem gerir ráð fyrir gámasvæði við Dynskála gengt Reykjagarði samþykkt með 4 atkvæðum D-lista gegn 3 atkvæðum B-lista.

Við afgreiðslu málsins tók D-listinn ekkert mark á mótmælum né athugasemdum sem fyrir lágu og vísaði á úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Fram er kominn undirskriftalisti 120 íbúa í Rangárþingi ytra þar sem fyrirhugaðri staðsetningu gámasvæðis við Dynskála er sýnd mikil andstaða.

B-listinn krefst þess að málið verði tekið upp að nýju og gámasvæðinu verði fundinn betri staður.

B-listinn gerir það að tillögu sinni að staðsetja gámasvæðið neðan nýja hesthúshaverfisins gengt Gaddstaðafötum.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G Magnússon, Ólafur E Júlíusson

Bókun fulltrúa D-listans vegna bókonar B-listans um staðsetningu gámasvæðis á Hellu, lögð fram á fundi hreppsnefndar, 5. desember 2007:

Frá því málið var afgreitt í hreppsnefnd 10. október sl. hefur ekkert breyst efnislega í málinu og engin ný rök komið fram. Undirritaðir telja því engar forsendur komnar upp til að breyta staðsetningu gámasvæðis.

Undirritaðir ítreka þá staðföstu trú D-listans að fyrirhugaður gámasvæðingur, staðsettur á umræddum stað, geti verið í fullri sátt við umhverfi sitt og sveitarfélaginu til sóma. Vísa undirritaðir þar til annarra sambærilegra gámasvæðinga víða um land.

D-listinn hafnar því framkominni tillögu B-listans.

Porgils Torfí Jónsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Gísli Stefánsson

Tillaga frá B- lista er felld með fjórum atkvæðum D- lista gegn þremur atkvæðum B- lista.

13. Málefni Grunnskólans á Hellu og tengt erindi, með vísan í 20. fund hreppsráðs.

Bókun B-listans varðandi húsnæðismál Grunnskólans á Hellu.

Við viljum fagna því að skólastjóri Grunnskólans á Hellu hefur leyst húsnæðismál skólans þetta skólaárið.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G Magnússon, Ólafur E Júlíusson

Fulltrúar D- lista taka heilshugar undir bókun B- lista.

14. Rekstrarleyfi vegna veitinga- og gististaða í fjallaskálum í eigu sveitarfélagsins.

Til kynningar.

15. Trúnaðarlæknir sveitarfélagsins.

Til kynningar.

16. Girðingarmál við urðunarstaðinn Strönd.

Erindi frá Jósep Benediktssyni er vísað til Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Samþykkt samhljóða.

17. Landspilda úr Þjóðólfshaga II.

Til kynningar.

18. Rafeindaúrgangur.

Til kynningar.

19. Afsláttur af fasteignagjöldum örorku- og ellilífeyrisþega, með vísan í 19. fund hreppsnefndar.

Framkomin tillaga sveitarstjóra samþykkt samhljóða

20. Almannaþingir í Rangárvalla- og Vestur skaftafellsýslu, tillaga að fjárhagsáætlun 2008.

Tillaga Almannaþingarnefndar borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða

21. Iðnaðarráðuneytið; upplýsingar um hvar sé mest og brýnust þörf á tengingu við þriggja fasa rafmagn.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu .

Samþykkt samhljóða.

22. Fyrirspurn frá B- lista varðandi Atvinnuefingarsjóð Rangárþings ytra.

Við sameiningu sveitarfélaganna þriggja árið 2002 varð til svonefndur Atvinnuefingarsjóður Rangárþings ytra. Sjóður þessi hafði til úthlutunar ca. 1.5 millj. á ári og var ætlaður til að efla atvinnu í sveitarfélaginu.

Sjóðurinn varð til vegna aukinna tekna sveitarsjóðs sem mynduðust með því móti að álögur á íbúa voru auknar, miðað við fyrri álagningarprósenter sveitarfélaganna þriggja. A.m.k. Djúparhreppur hafði tiltölulega lága álagningarprósentu áður.

Atvinnu- og ferðamálanefnd sem þá hét, sá um að auglýsa eftir styrkumsóknum og úthlutað var árin 2003, 2004 og 2005.

Á síðasta fundi nefndarinnar 27.04.2006 var samþykkt að auglýsa eftir styrkumsóknum í næstu Búkkollu. Fundargerð þessi var samþykkt af Hreppsnefnd skömmu síðar.

Auglýsingin hefur aldrei verið birt og þar af leiðandi ekki verið úthlutað árið 2006 né nú í ár. Í hvað fóru þessar áætluðu fjárhæðir fyrir árin 2006 og 2007, 2 x 1.5 milljónir ?

Hafi þessi sjóður verið lagður niður þá hvencr gerðist það og hvar er það skráð í fundargerð?

Á þeim tveimur fundum sem farið hafa fram hjá Atvinnu- og menningarnefnd, í ágúst og september 2006 hefur ekkert verið fjallað um þennan sjóð.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G Magnússon, Ólafur E Júlíusson

Bókun fulltrúa D-lista vegna fyrirspurnar fulltrúa B-lista um atvinnuefingarsjóð Rangárþing ytra, lögð fram á 20. fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra, miðvikudaginn 5. desember 2007:

EKKI ER ALVEG RÉTT FARIÐ MEÐ STAÐREYNDIR Í FYRIRSPURN B-LISTANS UM ATVINNUEFLINGARSJÓÐ. ÁRIÐ 2003 VAR GERT RÁÐ FYRIR 3.800.000 kr. á fjárhagsáætlun og var þeirri upphæð úthlutað af stjórn atvinnuefingarsjóðs það ár. ÁRIÐ 2004 VAR GERT RÁÐ FYRIR 3.800.000 kr. í fjárhagsáætlun. Stjórn atvinnuefingarsjóðs ákvað það árið að úthluta 2.100.000 kr. sem var gert þá um haustið. ÁRIÐ 2005 VORU 2.700.000 kr. á fjárhagsáætlun. Stjórn Atvinnuefingarsjóðs ákvað að úthluta 1.700.000 kr. úr sjóðnum það ár, en áður hafði hreppsnefnd ákveðið að úthluta 200.000 kr. til Veidifélags Rangárvallaafreitar þannig að það árið var úthlutað 1.900.000 kr. úr sjóðnum.

Sjóðurinn kom til árið 2002 eftir sameiningar sveitarfélaganna þegar ákveðið hafði verið fasteignaskattur í B-stofu yrði 1,65% sem var hækkun hjá öllum fyrri sveitarfélögum. Sveitarstjórn Rangárþings ytra ákvað síðar á kjörtímabilinu að



lækka álagninguna niður í 1,2% má segja að forsendur fyrir sjóðnum hafi brostið frá og með þeirri ákvörðun. Sjóðurinn var þó áfram starfandi. Á yfirstandandi ári var ekki gert ráð fyrir fjármagni í atvinnueflingarsjóð og í endurskoðun á fjárhagsáætlun var ekki tillaga um breytingu þar á. Ekki getur því talist óeðlilegt að úthlutun úr sjóðnum sé hætt.

Þessu er við að bæta að Atvinnuþróunarfélag Suðurlands hefur veitt verulega aukinn stuðning til atvinnueflandi verkefna í formi styrkja af sama toga og atvinnueflingarsjóður Rangárhæðs ytra gerði.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar P. Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Gísli Stefánsson

23. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

23.1. Stígámót fjárbeiðni 2008.

Tillaga um styrkbeiðni er hafnað.

Samþykkt samhljóða.

23.2. 17. júní hátíðarhöld á Hellu 2007.

Samþykkt samhljóða að greiða Rangárvalladeild hestamannafélagsins Geysis 250 þús. kr. vegna umsjónar.

24. Annað efni til kynningar:

24.1. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum, 10. ársfundur.

Til kynningar.

24.2. Landbúnaðarstofnun, vegna úrgangs graðhesta.

Til kynningar.

24.3. Samband íslenskra sveitarfélaga; könnun á viðhorfi til starfsemi og þjónustu.

Til kynningar.

24.4. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og SASS upplýsingar um framlög sveitarfélaga.

Til kynningar.

24.5. Ungmennafélag Íslands; tillaga frá 45. sambandsþingi UMFÍ.

Til kynningar.

24.6. Veiðiskýrsla; minkaveiðar.

Til kynningar.


24.7. Frá sýslumanni, þinglýst skjöl.

24.8. Skipting á kostnaði við Skipulags- og byggingarfulltrúaembættið

Til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:45.

Indriði Indriðason, fundarritari.



Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Fundargerð

21. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, Miðvikudaginn 19. nóvember. 2007, kl. 16.00.

Mætt voru: Ingvar Pétur Guðbjörnsson, varaoddviti, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Gísli Stefánsson, Kjartan Magnússon og Guðfinna Þorvaldsdóttir. Að auki sátu fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, og Indriði Indriðason, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fund og stjórnaði honum.

1. Fundargerðir til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 21. fundur, 6. desember 2007.
Fundargerð staðfest samhljóða.
- 1.2. Eignaumsjón, 4 fundur, 13. desember 2007.
Fundargerð staðfest samhljóða.
- 1.3. Fræðslunefnd, 15 fundur, 11 desember 2007.
Til kynningar.
- 1.4. Byggingar-og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs., 11 desember 2007 ásamt fjárhagsáætlun 2008.
Fundargerð og fjárhagsáætlun staðfest samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír fulltrúar sitja hjá.
- 1.5. Tónlistarskóli Rangæinga, 113, fundur, 8 nóvember 2007.
Fundargerð staðfest samhljóða.
- 1.6. Foreldraráð laugalandsskóla, fundur 16 nóvember 2007
Til kynningar.
- 1.7. Skipulagsnefnd Rangárþings bs. aðalfundur, 19. nóvember 2007.
Fundargerð staðfest með fjórum atkvæðum, þrír fulltrúar b lista sitja hjá.
- 1.9. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 8 fundur, 13 desember 2007, ásamt fjárhagsáætlun 2008.
Til kynningar.
- 1.10. Sorpstöð Suðurlands, 150. fundur. 30. nóvember 2007, 151. fundur frá 3. desember 2007 og 152. fundur frá 5. desember 2007.
Til kynningar.
- 1.11. Byggingarnefnd Rangárþings bs., 6. desember 2007.
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 1.12. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs., 14. fundur frá 19. desember 2007.
Fundargerð staðfest.

2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd efni:

- 2.1. Nesbakki, landskipti.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr Nesbakka, landnr. 175647, í 72,9 ha.spildu, landnr. 214782. Lögbýlisréttur helst áfram á upprunalandi, landnr. 175647.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.

Samþykkt samhljóða.

- 2.2. Gaddstaðir, landskipti.
Óskað er umsagnar um landskipti úr landi Gaddstaða, landnr. 164482, í 5110,2m², landnr. 214948.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.

Samþykkt samhljóða.

3. Beiðni um skólavist:

- 3.1. Hamraskóli Vestmannaeyjum.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að greiða viðmiðunarkostnað vegna skólagöngu, FG. 200592-2719, og tilfallandi kostnað vegna sérkennslu.
- 3.2. Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík.
Umsókn um að Rangárþing ytra greiði kostnað vegna tónlistarnáms KUM. 070496-2089, HSM 221297-3349 og ASM 250701-2330.
Lagt er til að orðið verði við beiðnunum og greitt samkvæmt viðmiðum Sambands Íslenskra sveitarfélaga er varðar tónlistarkennslu grunnskólabarna.

Samþykkt samhljóða.

4. Leigusamningur vegna tjaldsvæða á Laugalandi:

Sveitarstjóra er falið að undirrita samninginn, með breytingum sem lagðar voru fyrir á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun 2008, seinni umræða:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2008.
Heildartekjur A og B hluta eru áætlaðar 904.387 þús. kr. og skiptast með eftirfarandi hætti:

Rekstrartekjur	Þús.kr.	Hlutfall tekn.
Útsvar.....	390.000	41,29%
Fasteignaskattur.....	113.000	11,96%
Jöfnunarsjóður.....	240.000	25,41%
Lóðarleiga.....	5.300	0,56%
Aðrar tekjur.....	196.087	20,76%

Rekstrargjöld	Þús.kr.
Heildargjöld án fjármagnsliða.....	785.654
Tekjuafgangur fyrir fjármagnslið er áætlaður.....	158.732
Niðurstaða fjármagnsliða er áætluð.....	35.367
Rekstrarafgangur A hluta er áætlaður.....	129.932
Áætlaður rekstrarafgangur A og B hluta er.....	123.365

Efnahagur A og b hluta.	Þús.kr.
Fastafjármunir eru áætlaðir.....	1.563.870
Veltufjármunir eru áætlaðir.....	145.355
Eignir samtals eru áætlaðar.....	1.709.226

Eigið fé er áætlað.....	947.238
Lífeyrisskuldbindingar eru áætlaðar.....	17.461
Langtímaskuldir eru áætlaðar.....	613.748
Skammtímaskuldir eru áætlaðar.....	130.779
Eigið fé og skuldir samtals er áætlað	1.709.226

Handbært fé í árslok 51.803 þús.kr.

Fjárfestingar eru áætlaðar 226.325 þús. kr. á árinu 2008 og greinast sem hér segir: Grunnskólin Hellu, 16.625 þús. kr., Leikskólinn Heklukot, 31.000 þús. kr., Sundlaugin Hellu 40.000. þús. kr., Suðurlandsvegur 1, 35.600 þús. kr., Íþróttahúsið Þykkvabæ, lóð og sparkvöllur 5.000 þús. kr., Gatnakerfi Hellu, 40.000 þús. kr., Gatnakerfi Laugalandi, 3.100 þús. kr., Nýtt hesthúshverfi Gaddstöðum, 32.000. þús. kr., Gámavöllur Hellu 15.000 þús. kr., Laugalandskóli, 6.100 þús. kr., Leikskólinn Laugalandi, 700 þús. kr., Félagsmiðstöðin Hellu, 700 þús. kr. og þjónustumiðstöð 2.500 þús. kr. Einnig er gert ráð fyrir tekjum vegna gatnagerðargjalda að upphæð 50.000 þús. kr.

Í b hluta eru framkvæmdir áætlaðar 48.000 þús. kr sem skiptast niður á vatnsveitu og fráveitu.

Fjárhagsáætlun 2008 - Tillaga B-lista varðandi hækkun útsvars fyrir árið 2008.

Þeir fjármunir sem hækkun útsvarsprósenta gefur af sér árið 2008 verði varið til aðstoðar fötluðum íbúum í sveitarfélaginu.

Kjartan G Magnússon, Ólafur E Júlíusson, Guðfinna Þorvaldsdóttir.

Bókun fulltrúa D-listans vegna tillögu fulltrúa B-listans við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Rangárþings ytra fyrir árið 2008, lögð fram á 21. fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra 19. desember 2007:

Fulltrúar D-listans vilja áréttta að málefni fatlaðra eru á forræði ríkisins. Verkefni sveitarfélagsins eru mjög mikil og ljóst að framkvæmdaáætlun ársins 2008 mun kosta rúmar 226 milljónir. Fulltrúar D-lista telja því réttara að nýta tekjustofna sveitarfélagsins til að sinna þeim verkefnum sem undir sveitarstjórn heyrir og láta ríkið um að sinna sínum verkefnum. Fulltrúar D-lista munu þó áfram vinna að því að fá ríkið til að sinna umbótum til handa fötluðum íbúum sveitarfélagsins.

Undirritaðir fulltrúar D-listans geta því ekki samþykkt tillögu B-listans.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóra Guðnadóttir og Gísli Stefánsson.

Tillaga B lista er felld með fjórum atkvæðum gegn þremur atkvæðum fulltrúa B lista.

Fjárhagsáætlun samstæðu Rangárþings ytra 2008 borin undir atkvæði og samþykkt með fjórum atkvæðum. Þrír sátu hjá (KM) (ÓEJ) (GP).

6. Samgönguráðuneytið, vegna útboðs á háhraðatengingu:

Til kynningar.

7. Menntamálaráðuneytið, vegna staðfestingar reglugerðar Tónlistarskóla Rangæinga:

Til kynningar.

8. Byggingarnefnd Grunn- og leikskóla á Hellu:

Tillaga að skipun nefndar.

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Ólafur Elvar Júlíusson tilnefndir í hópinn. Sveitarstjóra, skólastjórum og forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar falið að vinna með hópnum.

Samþykkt samhljóða.

9. Héraðs- og fræðiritun á vegum sveitarfélaga:

Tillaga um að gefa út bók um sögu Hellu, í tilefni af 80 ára afmælis byggðarinnar, í sama stíl og byggðarbækurnar sem nú eru að koma út. Sveitarstjóra falið að skoða málið nánar og leggja nánari tillögur fyrir næsta hreppsnefndarfund.

Samþykkt samhljóða.

10. Lex ehf. Lögmansstofa, vegna vegar frá Brúarlundi að Þjórsá:

Til kynningar.

Fulltrúar B lista ítreka fyrri bókun sína í 13. lið frá 18. fundi hreppsnefndar um sama mál.

11. Eyjólfur Guðmundsson, vegna fjölnytjaskóga í Reynifellslandi:

Sveitarstjórn þakkar erindið, en ekki eru uppi áform um nýtingu landsins eins og bréfitari leggur til.

Samþykkt samhljóða.

12. Lærdómssetrið Leirubakka, vísinda- og menningarverkefni:

Til kynningar.

13. Eldvarnareftirlit – slökkvilið, samstarf sveitarfélaga í Rangárvalla- og

V-Skaftafellssýslu:

Sveitarstjórn Rangárbings ytra getur ekki fallist á þá kostnaðarskiptingu sem lögð er til í erindinu. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að 40-50% af rekstrarkostnaði skiptist jafnt á aðildarsveitarfélög og afgangur skiptist eftir íbúatölu. Sveitarstjórn hafnar því aðkomu að málinu eins og það er lagt fram. Samþykkt samhljóða.

14. Fasteignafélag sveitarfélaga:

Til kynningar.

15. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, beiðni um umsögn vegna leyfisumsóknar:

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna, en ítrekar að umrædd starfsemi er til heimils að Stekkjarhól, en ekki Heimalandi.

Samþykkt samhljóða.

16. Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, vegna Lundar:

Til kynningar.

17. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, beiðni um upplýsingar um iðgjaldagreiðslur:

Sveitarstjóra er falið að svara erindinu.

Samþykkt samhljóða.

18. Vegna deiliskipulags frístundabyggðar í Gaddstaðalandi, erindi:

Til kynningar.

19. Valsteinn Stefánsson, ósk um lausn frá störfum íþróttá- og æskulýðsnefndar:

Sveitarstjórn samþykkir að veita Valsteini lausn frá störfum í Íþróttá- og æskulýðsnefnd og þakkar honum vel unnin störf. Einnig tilnefnir sveitarstjórn Lovísu B. Sigurðardóttir sem aðalmann og Magnús Rúnarsson til vara af hálfu D-lista. Samþykkt samhljóða.

20. Landskerfi bókasafna, þjónustusamningur:

Samningurinn samþykktur samhljóða.

21. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, vegna félagafundar:

Til kynningar.

22. Markaðsstofa Suðurlands, ósk um samstarfssamning:

Afgreiðslu frestað. Samþykkt samhljóða.

23. Landgræðsla ríkisins, vegna verkefnisins “Bændur græða landið”:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við erindinu og styrkja það um 103.500 kr.

24. Menningarsamningur Suðurlands, framlög sveitarfélaga:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða kostnaðarskiptingu vegna menningarsamnings Suðurlands.

Sigurbjartur Pálsson vék af fundi kl 18.43

25. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

- 25.1. Kvenfélagið Unnur, jólatrésskemmtun.
Samþykkt samhljóða að verða við erindinu..
- 25.2. Katrín J. Óskarsdóttir og Guðrún J. Magnúsdóttir, styrkumsókn vegna bókaútgáfu. Erindinu vísað á bókasafnsnefndir. Samþykkt með fimm atkvæðum, einn situr hjá (GP).
- 25.3. Fornleifavernd ríkisins, vegna manngerðra hella í landi Ægissíðu.
Erindinu er vísað til atvinnu- og menningamálanefndar. Samþykkt samhljóða.
- 25.4. Foreldrasamtök á Suðurlandi, styrkumsókn.
Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um 30. þús. kr. á ári út kjörtímabilið. Samþykkt með 5 atkvæðum einn situr hjá (IPG).

26. Annað efni til kynningar:

- 26.1. Alþingi, vegna umsagnar um frumvarp til laga um framhaldsskóla.
- 26.2. Alþingi, vegna umsagnar og kynningar á frumvörpum um grunnskóla og leikskóla. Skipulagsstofnun, vegna náma.
- 26.3. Félagsmálaráðuneytið, vegna umsagnar barnaverndarnefndar um stefnumarkandi áætlun á sviði barnaverndar.
- 26.4. Félagsmálaráðuneytið, úthlutun framlaga til nýbúafræðslu.
- 26.5. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, reglugerð um lögreglusamþykkt.
- 26.6. SASS, upplýsingar um framlög aðildarsveitafélaga.
- 26.7. Menntamálaráðuneytið, niðurstöður rannsóknarinnar “Ungt fólk 2007”.

- 26.8. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi, Litli hópur.
- 26.9. Launanevnd sveitarfélaga, bókanir.
- 26.10. Heilbrigðisnevnd Suðurlands, vegna sorphirðu og seyrulosunar.
- 26.11. Heilbrigðisnevnd Suðurlands, niðurstöður baðvatnssýnatöku.
- 26.12. SG Hús hf. færánlegar kennslustofur.

27. Greiðslur húsaleigubóta:

Sveitarstjórn Rangárbings ytra samþykkir samhljóða, að greiða húsaleigubætur skv. reglugerð 118/2003 um grunnfjárhæð húsaleigubóta, eða samkvæmt ákvæðum nýrrar reglugerðar verði hún sett.

Sigurbjartur Pálsson mætti aftur á fund kl. 19.02.

28. Fyrirspurn frá B lista:

Fyrirspurn frá fulltrúum B-lista:

Eins og flestum er kunnugt um, þá hafa skemmdarvargar verið á ferð á Hellu í haust og vetur. Eignum íbúa hefur verið spillt og öryggi þeirra ógnað. Sveitarstjórn er málsvari íbúa sveitarfélagsins og þarf að hafa frumkvæði að aðgerðum eða umræðu, þannig að íbúum sé ljóst að áhyggjur þeirra og kvartanir séu teknar alvarlega. Við teljum mikilvægt að sveitarstjórn láti í sér heyra varðandi þessi mál og vinni með lögreglu og þeim aðilum er málið varðar. Hver er staða þessara mála í dag? Hvernig hefur sveitarfélagið beitt sér til að upplýsa þessi mál og fyrirbyggja frekari skemmdarverk? Hefur sveitarfélagið uppi áform um að koma reglu á útivist unglunga á kvöldin og nóttunni?

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon Ólafur Elvar Júlíusson.

Bókun fulltrúa D-listans vegna fyrirspurnar fulltrúa B-listans.

Fulltrúar D-lista taka undir áhyggjur fulltrúa B lista vegna þeirra skemmdarverka sem unnin hafa verið á Hellu. Um aðgerðir að hálfu sveitarstjórnar verður að taka fram að unglingar eru á ábyrgð forráðamanna. Vegna aðkomu sveitarfélagsins að því að upplýsa meint skemmdarverk þá vilja fulltrúar D lista taka skýrt fram að sveitarfélagið hefur ekki heimild til að stunda rannsóknir á meintum afbrotum íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur sýnt mikið frumkvæði að málefnum er lúta að unglingum, nægir að nefna ráðningu æskulýðs- og íþróttarfulltrúa sem er að vinna náð með skólayfirvöldum, löggæslu og öðrum aðilum sem láta sig málið varða.

Um útivist unglunga þá er vert að taka fram að sérstakar reglur eru þar að lútandi, nægir að nefna lögreglusamþykkt og almennar útivistarreglur.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir og Gísli Stefánsson.

29. Fundaráætlun sveitarstjórnar 2008:


Samþykkt samhljóða.

30. Frá sýslumanni á Hvolsvelli, þinglýst skjöl:

Til kynningar.


Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19.20.


Ingvar Pétur Guðbjörnsson
varaoddviti


Sigurbjartur Pálsson



Kjartan Magnússon


Helga Fjóra Guðnadóttir


Guðfinna Þorvaldsdóttir


Gísli Stefánsson


Ólafur Elvar Júlíusson


Örn Þórðarson
sveitarstjóri


Indriði Indriðason,
fjármálastjóri